

Svífðu lítla, létta blað ...

5. tbl., 4. árg., ágúst 2015 - Skóladeild Akureyrar



Velkomin til samstarfs á nýju skólaári!

Nú eru nokkrir erlendir nemendur að bætast í hóp grunnskólabarna á Akureyri. Í Brekkuskóla koma þrír nýir nemendur, tveir frá Lettlandi og einn frá Grænlandi, í Síðuskóla kemur nýr nemandi frá Lettlandi og í Glerárskóla kemur nýr nemandi frá Póllandi. Þetta eru allt krakkar sem eru nýkomnir til landsins og hafa engan grunn í íslensku. Auk þeirra bætast við nemendur sem hafa dvalið hérlendis um lengri eða styttri tíma.



Í sumar hef ég unnið verkefnahefti sem tengist náttúrunni og mannanöfnum og er það nú komið á vefinn.

Mörg nafnanna okkar eru tengd náttúrunni í kringum okkur; hafinu, trjám, fuglum, blómum, himintunglum og fjöllum.

Verkefnin eru hugsuð fyrir nemendur í eldri bekkjum

grunnskólans. Áhersla er lögð á að kenna **hugtök námsgreina** (academic vocabulary) og hugtakaheiti eru sett inn á pólsku til að auðvelda nemendum að leita í þekkingu námsgreinarinnar á eigin móðurmáli.

Slóðin er: <http://akmennt.is/erlendir/Natturan%20og%20nofnin%20okkar.pdf>




Í bókaflakki Námsgagnastofnunar, **Sestu og lestu**, eru komnar fimm skemmtilegar lestrarbækur. Vinnubók með einni þeirra, Hundakúnstir, er nú kominn á vefinn www.akmennt.is/erlendir. Gaman væri ef við gætum lagt í þúkk og safnað vinnubókum með öllum þessum lestrarbókum. Ég er til í að miðla þeim á vefnum ef einhverjir eru tilbúnir til að deila. ☺



Zane á Alþjóðastofu er búin að þýða fyrir mig orðalista á lettnesku. Þar er áherslan á skólaorðaforða fyrstu vikunnar í skóla þar sem allt er framandi. Minni ykkur á það góða og einfalda verkefni fyrir nemendur fyrstu dagana að skrifa orð á miða, bæði á móðurmáli sínu og íslensku og festa á rétta staði í stofunni. (gluggi, tafla, ruslafata..o.s.frv.). Orðalistinn er kominn á vefinn undir flípann „Lettneska“:

Minni á:



Leikjafvefinn , www.leikjavefurinn.is

Á vefnum er hægt að finna ýmsa leiki til að nota með nemendum í tungumálavinnu. Nefni sem dæmi „Dúkkulísurúllettu“ sem er þar á dönsku en er hægt að snúa á önnur mál; fuglar, húsdýr, fiskar, Hver er ég? o.fl.



Lestrarhjólíð. Langar til að minna kennara í leik- og grunnskólum á lestrarhjólíð sem er hluti af Logos greiningarefninu. Gott að nota leshjólíð í umræðu með öllum nemendum, íslenskum og erlendum til að ræða um texta, efla lesskilning og tjáningu.

Hægt er að fá það bæði stórt, til að hengja upp á vegg og nota með hóp, og lítil sem krakkarnir geta þá unnið með sjálf, t.d. í þörum. Ég fékk hjólin hjá Gyðu M. Arnmundsdóttur í Reykjanesbæ.



Munum að hafa móðurmál allra nemenda okkar sýnileg í skólastofunni!

Þannig virðum við uppruna og menningu allra nemenda og fjölskyldna þeirra og það er hlýlegt að koma á nýjan stað þar sem við sjáum að tekið er tillit til okkar og móðurmáls okkar.

Hafið endilega samband við mig til skrafs og ráðagerða. Í ágústmánuði set ég niður fyrstu drög að stundatöflu minni og vinnu með nemendum og kennurum. Stundaskráin getur svo tekið breytingum eftir breytingum á nemendahópnum og þörfum hans.

Minni líka á að ég get heimsótt kennarafundi með fræðsluerindi um kennslu erlendra nemenda þar sem ég er sérstaklega að hugsa um kennslu orðaforða námsgreina, t.d. á unglíngastigi (held reyndar að þessar aðferðir gildi alveg jafn mikið fyrir stærsta hluta íslenskra nemenda). Ég hef verið með þessa fræðslu tvisvar fyrir Reykjavíkurborg en aðeins fyrir Oddeyrarskóla hér á Akureyri.

Bestu kveðjur með von um góða samvinnu, skemmtilegt og árangursríkt skólaár!

Helga